



Kennsluáætlun í Viðskiptafræði

Kennari: Ingvar freyr Ingvarsson
e-mail: ingvarfi@mr.is;

Markmið

Markmið námskeiðsins er að nemendur fái yfirsýn yfir helstu viðfangsefni viðskiptafræðinnar og innsýn í ýmis lögmál efnahagslífsins. Áhersla er lögð bæði á fræðilegt inntak og hagnýtt gildi námsefnis og tengsl við ýmis efnahagsmál sem eru ofarlega á baugi á Íslandi og erlendis.

Markmið að nemendur geti lagt mat á upplýsingar um efnahagsmál, beitt gagnrýnni hugsun um þjóðfélagsmál og eigin fjármál.

Meginþema námskeiðsins er að nemendur nýti sér upplýsingatækni og netið við öflun upplýsinga og lausn verkefna.

Kynnt verða undirstöðuatriði í fjármálum einstaklinga, bókhalds, rekstrar- og þjóðhagfræði. Sú þekking býr nemendur undir önnur námskeið sem og lífið sjálft.

Fyrirkomulag kennslu

Kennt verður þrjár kennslustundir á viku

Námsaðferðir

Fyrirlestrar kennara um einstök efni. Nemendur gera verkefni sem bæði geta verið hópverkefni og einstaklingsverkefni. Gestafyrirlesarar, stjórnendur úr íslensku atvinnulífi.

Lestrarefni

Farsæl skref í fjármálum eftir Gunnar Baldvinsson, *Economics* eftir N. Gregory Mankiw og Mark P. Taylor og Bókfærsla eftir Tómas Bergsson.

Námsmat

Námsmat byggir á símati. Þátttöku í tímum, þátttaka í umræðum og gestaheimsóknum, verkefni um fjármál einstaklinga. Önnur greiningarverkefni og ástundun nemenda.

Námsmat á haustönn

Verkefni um fjármál einstaklinga (2) (15%)	Greiningarverkefni (1) (15%)	Verkefni í bókfærslu (2) (40%)	Virkni/Ástundun nemenda (30%)
--	------------------------------	--------------------------------	-------------------------------

Námsmat á vorönn

Verkefni úr Economics (3) (45%)	Skyndipróf (1) (20%)	Greinaskrif (1) (15%)	Virkni/Ástundun nemenda (20%)
---------------------------------	----------------------	-----------------------	-------------------------------

Haust 2021

Efni fyrirlestra	Helstu viðfangsefni	Lesefni: Farsæl skref í fjármálum
Inngangur að fjármálafræðslu	Inngangur og umfjöllun um mikilvægi fjármálafræðslu og þekkingar	Kafla 1
Verkfærakista fjármálanna	Hugtök og reikniformúlur sem eru mikilvæg til að geta tekið upplýstar fjárhagslegar ákvarðanir	Kafla 2
Sparnaður og fjárfestingar	Helstu sparnaðarform fyrir einstaklinga. Söguleg ávöxtun, áhættur og atriði sem þarf að líta til	Kafla 3
Lán og skuldir	Upplýsingar um neytendalán og atriði sem gott er að þekkja áður en fólk tekur lán	Kafla 4
Stórar fjárhagslegar ákvarðanir	Ákvarðanir sem flestir taka og geta haft veruleg fjárhagsleg áhrif. Hvers þarf að líta til og hvað þarf að hafa huga	Kafla 5
Farsæl skref	Þróun tekna, eigna og skulda á ævinni. Nokkur aldurstengd og tímalaus ráð í fjármálum	Kafla 6

Bókfærsla

Farið er yfir helstu undirstöður bókhalds. Verkefni er unnin í Excel og innihalda verkefni dagbókfærslur og prófjöfnuð úr kennsluefniinu Bókfærsla eftir Tómas Bergsson. Þá er fjallað um efnahags- og rekstrarreikning og ýmis grunnhugtök í bókfærslu eins og eignir, skuldir, gjöld og tekjur.

Vor 2022

Efni fyrirlestra	Helstu viðfangsefni	Lesefni: Kafli í Economics
Inngangur að hagfræði	Hagfræði handa fólki, hagfræði sem vísindi. 10 grunnreglur hagfræðinnar.	Kafli 1
Að hugsa eins og hagfræðingur	Normatívar og pósitívar spurningar. Flæðirit af hagkerfi. Jaðarframleiðslukúrvan.	Kafli 2
Framboð og eftirspurn	Samkeppni, eftirspurnarferill, framboðsferill. Verðteygni eftirspurnar, óteygín og teygín eftirspurn, heildartekjur og verðbreytingar.	Kafli 3
Eftirspurn	Kenningar um val neytandans.	Kafli 4
Framboð	Fyrirtæki á samkeppnismarkaði.	Kafli 5
Neytendur og framleiðendur	Neytendur, framleiðendur og hagkvæmni markaða.	Kafli 6
Stefnur stjórnvalda	Framboð, eftirspurn og stefnur stjórnvalda.	Kafli 7
Almannagæði og sameiginlegar auðlindir	Almannagæði og sameiginlegar auðlindir.	Kafli 8
Markaðsbrestur og ytri áhrif	Markaðsbrestur, jákvæð og neikvæð ytri áhrif.	Kafli 9
Einokun	Einkenni einokunar.	Kafli 11
Einkasölusamkeppni	Eiginleikar einkasölusamkeppni.	Kafli 12
Fákeppni	Einkenni fákeppni.	Kafli 13
Samkeppnishæfir markaðir	Opnir markaðir.	Kafli 14
Þjóðhagsreikningar	Landsframleiðsla.	Kafli 20
Hagvöxtur	Hagvöxtur skilgreindur. Framleiðni. Framleiðslufall. Mikilvægi sparnaðar og fjárfestingar.	Kafli 21
Sparnaður og fjárfesting	Hvað ræður sparnaði, vöxtum og fjárfestingu?	Kafli 23

Peningar og Peningamálastefna	Hlutverk peninga. Greiðsluhæfi (e. Liquidity). Peningamagn í umferð. Hlutverk og stjórnþæki Seðlabanka. Peningamargfaldarinn.	Kafla 24
Hagfræði opinna hagkerfa	Lánsfjármarkaðurinn, gjaldeyrismarkaður, jafnvægi í opnu hagkerfi, áhrif viðskiptastefnu, fjármagnsflótti.	Kafla 25
Heildarframboð og heildareftirspurn	Þættir sem hafa áhrif á heildareftirspurn og heildarframboð.	Kafla 28
Hagstjórn	Áhrif stefnu í ríkisfjármálum og peningamálum á heildareftirspurn í hagkerfi.	Kafla 29

Kennari áskilur sér rétt til þess að breyta kennsluáætlun eftir þörfum.